

# RAFIÐNAÐARSAMBAND ÍSLANDS.

## 20. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 11 JANÚAR 2013

### Mæting:

Ómar Baldursson, Georg Georgsson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Kristín Benediktsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D Sighvatz, Svanborg Hilmarsdóttir, Brynjar Svansson, Eyjólfur Ólafsson, Andri Jóhannesson, Einar Ág Kristinsson, Hafliði Sívertsen, Bára Halldórsdóttir, Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens H Ragnarsson, Sigurður Sigurðsson, Helgi Jónsson.

### Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Stafir lífeyrissjóður- Ólafur Sigurðsson.
3. Staða kjarasamninga.
4. Sambandsstjórnarfundur 2013.
5. Orlofssjóður.
6. Félagsmál/samkomur.
  - a) Jónsmessuhátíðin 2013.
  - b) Eldri félagsferð.
  - c) Spennugolf.
7. Önnur mál.

### 1. Fundargerð síðasta fundar ekki til staðar, verður staðfest á næsta fundi.

### 2. Stafir lífeyrissjóður.

Að undanfögnu hafa dunið á landsmönnum athugasemdir frá Fjármálaeftirlitinu vegna starfsemi Stafa lífeyrissjóðs.

Fjármálaeftirlitið gerir fjölmargar athugasemdir vegna starfsemi Stafa, m.a. vegna fjárfestingar og flokkun sjóðsins á óskráðum verðbréfum.

Ólafur Sigurðsson framkvæmdastjóri sjóðsins mætti á fundinn. Fór hann yfir stöðu mála og útskýrði sýn sjóðstjórnar á athugasemdir FME.

### 3. Kjarasamningar.

Samninganefnd ASÍ kom saman nýverið. Komið hefur fram, að forsendur kjarasamninga eru þegar brostnar s.s. að verðbólga er yfir viðmiðunarmörkum, eins launavístala. En kaupliðir halda enn sem komið er. Verið er að vinna í því að bæta í pottinn svo að samningarnir haldi.

Ákveðin verðmæti eru í því, að fá 3,25% kauphækkun 1 febrúar, og alls óvíst vegna kosninga og fleiri atriða hvort nokkur tíma verði hægt að ná þeirri launahækkun til baka ef samningum verður sagt upp núna.

SA-menn komu með útspil þ.e. að stytta samningstímam um 1 mánuð en ASÍ-menn vilja lengri styttingu eða til 30 nóvember. Einnig er vilji til þess, að reyna að bæta vinnubrögð við samningsgerð í framtíðinni.

RSÍ lét gera skoðanakönnun meðal félagsmanna um hvaða afstöðu þeir hefðu til uppsagnar á kjarasamningum nú í febrúar. Meirihluti félagsmanna er á því að betra sé að fá 3,25% launahækkun í stað þess að segja upp samningnum.

Miðstjórn sammála að hlýta niðurstöðum könnunarinnar og fara að vilja meirihluta félagsmanna og reyna í framtíðinni að stuðla að stöðuleika og styrkja gengi krónunnar. Þá er vilji fyrir því að auka menntun, efla atvinnustig og halda áfram að jöfnun lífeyrisréttinda.

#### **4. Sambandsstjórnarfundur.**

Samþykkt að hann verði haldinn á Akureyri dagana 3 og 4 maí 2013.

#### **5. Orlofssjóður.**

Orlofsnefndin kom saman til fundar fyrr í dag.

Tillaga nefndarinnar er að hafa sömu hús í útleigu árið 2013 og voru árið 2012, nema að húsið að Gufuskálum verður ekki með þetta árið.

Samþykkt að hálfu miðstjórnar.

#### **6. Félagsmál/Samkomur.**

a) Jónsmessuhátíðin verður haldinn að venju helgina 21 til 23 júní 2013. Samþykkt að sama nefnd og síðast myndi sjá um hátíðina. Nefndarmenn vilja sjá fleiri andlit koma að þessu. Fundarmenn hvattir til að mæta til starfa með nefndinni.

b) Ákveðið að ferð eldri félagsmanna og maka verði farinn 26 júní n.k. Reiknað er með um 150 manns.

Skoða ferðatilhögun og fá verð í rútur og fleira.

c) Samþykkt að styrkja spennugolfið eins og undanfarin ár. Það er alfarið í höndum golfnefndar með Stefán Guðmundsson í broddi fylkingar hvar og hvenær mótið verður haldið.

## 7. Önnur mál.

Samþykkt að hækka námskeiðsstyrk í kr.25.000.- eða í sömu upphæð og líkamsræktarstyrkinn.

Búið er að ganga frá málum við fyrrverandi formann, og er það í samræmi við núgildandi kjarasamninga. Hann hefur aðgang að skrifstofu að Stórhöfða 27 sem RSÍ útvegar honum til sjötugs.

Óskað var eftir tilnefningum í stjórn RSÍ-ung, og allir beðnir að hafa augun opin til að reyna að fá ungt fólk til starfa í hreyfingunni.

Heimild var veitt til þess að fjárfesta í vinnuvél fyrir Skógarnesið að andvirði um 6 milljóna.

Ákveða á næstunni með vinnufund miðstjórnar og ef af verður þá verður hann haldinn að Skógarnesi. Ekki búið að ákveða né dagsetja.

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið kl 16.15.  
Fundargerð: Helgi Jónsson ritari.